

## 5. fundur skólanefndar

<b>Mættir:</b>	<b>Finnur Beck, Flosi Eiríksson formaður, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Sigurður Konráðsson og Þóra Elfa Björnsson.</b>		
<b>Forfallaðir:</b>	<b>Gunnar Þór Gunnarsson fulltrúi foreldra, Metúsalem Björnsson fulltrúi nemenda og Kolbeinn Óttarson Proppé, sem tilkynnti veikindi á síðustu stundu.</b>		
<b>Staður:</b>	<b>V24</b>		
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:00</b>	<b><u>Dags.: 12. febrúar 2014</u></b>	

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.	<b>FE</b>	
<b>1.</b>	<b>Rekstrarstaða MK 2013</b>		
	Skólameistari dreifði samantekt yfir rekstur ársins 2013. Nokkur frávík eru frá upphaflegri áætlun. Helstu skýringar eru að mötuneyti er nú rekið af skólanum, en var áður í höndum verktaka, kostnaður vegna breytinga á bókasafni og að styrkir fengust vegna þróunarverkefna. Halli á rekstri skólans innan ársins er mun minni en gert var ráð fyrir eða tæpar 24 milljónir. Gengið verður á eigið fé sem þessu nemur en skólinn býr enn að afgangi frá fyrri árum og rekstrarstaðan í árslok því jákvæð. Mikið aðhald er í rekstri skólans og vill skólanefnd hrósa skólameistara og starfsliði skólans fyrir góðan árangur.	<b>MF</b>	<b>20 mín.</b>
<b>2.</b>	<b>Rekstraráætlun 2014</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Skólameistari lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2014. Þrátt fyrir mikið aðhald hefur halli verið á rekstri skólans á ársgrundvelli undanfarin ár. Til þess að ná endum saman er óhjákvæmilegt að einhverjir áfangar verði eingöngu í boði aðra hverja önn eða jafnvel alveg felldir niður. Skólnefnd gerir ekki athugasemd við rekstraráætlunina, en lýsir yfir áhyggjum vegna þeirrar þröngu stöðu sem skólinn er í. Þá óttast nefndin að gæði náms minnki við þessar aðgerðir.	MF	20 mín.
3.	Önnur mál	MF	20 mín.
	a) Gert er ráð fyrir að verkefninu Nám er vinnandi vegur ljúki í vor. Hlutur MK hefur verið stór og árangur mjög góður. Skólnefnd óskar eftir því að skólameistari komi árangri skólans á framfæri við mennta- og menningarmálaráðuneytið og áhuga skólans á því að vinna að slíku verkefni áfram.b) Skólnefnd lýsir yfir áhyggjum vegna stöðu mála í kjaraviðræðum framhaldsskólakennara og ríkisins.c) Skólameistari greindi frá kynningar átaki MK sem ákveðið var í tilefni af 40 ára afmæli skólans. Skólameistari óskaði eftir aðkomu skólnefndar að málinu. Skólnefnd felur Flosa Eiríkissyni, formanni, að tilnefna fulltrúa til að vinna með undirbúningsnefndinni.		
	Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00	FE	

Sigurður Konráðsson

ritaði fundargerð

Uppfært fimmtudagur, 13 febrúar 2014 12:55